



Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 05.01.2009.

Athugasemdir Tannlæknafélags Íslands við frumvarp til laga um sjúkraskrár. 170. mál, heildarlög.

Tannlæknafélag Íslands fagnar nýju frumvarpi til laga um sjúkraskrár.

Tannlæknafélag Íslands gerir einungis athugasemdir hvað varðar 6. Grein *Skráning í sjúkraskrá*.

Þar segir að í öllum tilvikum skuli að lágmarki færa eftirfarandi upplýsingar í sjúkraskrá eftir því sem við á:

1. Nafn sjúklings, heimilsfang, kennitölu, starfsheiti og hjúskaparstöðu.

Tannlæknafélag Íslands telur að við venjulega heimsókn til tannlæknis séu spurningar um starfsheiti og hjúskaparstöðu ekki viðeigandi og þjóni engum tilgangi. Ekki er unnt að sjá hvernig þær upplýsingar séu nauðsynlegar tannlæknum til að geta gert góða sjúkraskrá.

Að öðru leyti gerir Tannlæknafélag Íslands ekki athugasemdir við frumvarpið en áskilur sér rétt til frekari athugasemda síðar komi fram ástæða til þess.

Virðingarfyllst

Ingibjörg S. Benediksdóttir, formaður Tannlæknafélags Íslands